

SKIPULAGSSKRÁ
fyrir Minningarsjóð um Guðbjörgu Einarsdóttur
frá Kárastöðum í Þingvallasveit.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um Guðbjörgu Einarsdóttur frá Kárastöðum sem fædd var 20. mars 1928 og lést 24. desember 2004.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að efla tónlistarflutning í Þingvallakirkju í tengslum við kirkjuathafnir. Bæði með framlögum til hljóðfærakaupa og þóknunum til tónlistarflytjenda.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 647.000; sex hundruð fjörutíu og sjö þúsund.

4. gr.

Stofnendur eru systkini Guðbjargar, Elísabet Einarsdóttir, kt. 080622-3849, Þórsögútu 25, 101 Reykjavík, Hallfríður Einarsdóttir, kt. 181130-7419, Barónsstíg 3, 101 Reykjavík og Stefán Bragi Einarsson, kt. 120333-3139, Fögrubrekku 6, 200 Kópavogi.

5. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, en veita má styrki úr honum af vaxtatekjum eða öðrum tekjum, sem sjóðnum áskotnast.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Formaður og varamaður hans skulu skipaðir af ættingjum Guðbjargar. Annar stjórnarmaður skal vera sá prestur sem að jafnaði sinnir prests-
störfum í Þingvallakirkju. Varamaður hans er prófasturinn í Árnessýslu. Þriðji maður skal vera formaður sóknarnefndar Þingvallakirkju. Hverfi maður úr stjórn skulu þeir sem eftir sitja tilnefna nýjan stjórnarmann.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á vörslu hans og annast styrkveitingu og framlög úr sjóðnum. Stjórnarmenn hljóta ekki þóknun fyrir setu í stjórn sjóðsins.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari samþykki allir stjórnarmenn það og sú ákvörðun verði staðfest af dómsmálaráðuneytinu.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda og lagðir fyrir stjórn sjóðsins, sem sendir þá Ríkisendurskoðun í

samræmi við ákvæði laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. maí 2006.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 20. júní 2006